Qualified Electronic Signature
MARGRÉT ÓLÖF A SANDERS
Personal code: 131059-7369
2024-05-28 13:12:45 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
NANNA KRISTJANA TRAUSTADÓTTIR
Personal code: 010381-3559
2024-05-28 13:17:12 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
ÍRIS HULD CHRISTERSDÓTTIR
Personal code: 280585-2629
2024-05-28 13:35:56 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR
Personal code: 040878-5139
2024-05-28 13:37:59 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
BIRGITTA HRUND KÁRADÓTTIR
Personal code: 040380-4939
2024-05-28 14:09:24 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
JÓN BJÖRGVIN STEFÁNSSON
Personal code: 140951-2269
2024-05-28 14:40:39 GMT
Í stjórn

Qualified Electronic Signature
LILJA DÖGG KARLSDÓTTIR
Personal code: 160578-3869
2024-05-28 14:43:58 GMT
Endurskoðandi

# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur 2023

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbær

Kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 11 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Á árinu 2023 nam tap af rekstri félagsins 282 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 319 millj. kr. að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 371 millj. kr. Ársverk á árinu voru 35,4.

Í ársbyrjun 2023 yfirtók félagið dótturfélög sín Fasteignafélagið Keili ehf., Orkurannsóknir ehf. F.L.Y. ehf. og Flugklúbb HJ ehf. Með samruna í samræmi við 95 gr. laga nr.138/1994, um einkahlutafélög.

Rekstur Iceland Aviation Academy ehf. (IAA) dótturfélags Keilis hefur verið þungur í áraraðir og var starfsemi félagsins hætt þann 23. september á síðasta ári. Rekstrarvandi félagsins hafði mikil áhrif á rekstur Keilis sem færði niður kröfu á IAA að upphæð 391 mkr. árið 2022 og því til viðbótar bættust 284 mkr. á árinu 2023 sem eru einnig færðar niður að fullu. Auk þess er Keilir í ábyrgð á lánum frá Landsbanka Íslands vegna IAA að upphæð 170 mkr.

Í byrjun apríl á þessu ári var lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti fyrir IAA. Bankinn hefur samþykkt að gefa Keili svigrúm til að selja eignina Grænásbraut 910 áður en krafan verður innheimt. Ábyrgð Keilis er þó til staðar og félagið þarf mögulega að greiða 170 mkr. og fá endurgreitt í kjölfar uppgjörs þrotabúsins.

Haustið 2024 mun hluti námsleiða Keilis færast yfir til Fjölbrautaskóla Suðurnesja og rekstur félagsins verða talsvert umfangsminni. Áætlanir gera ráð fyrir að rekstur félagins verði í jafnvægi á næstu árum en mikilvægt er að sala á fasteigninni gangi eftir til að bæta sjóðsstöðu félagsins. Gangi salan á fasteigninni ekki eftir er veruleg óvissa sem getur haft í för með sér verulegan vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

Keilir var með leigusamning vegna flugskýlis á Keflavíkurflugvelli sem félagið gerði fyrir hönd IAA en í þeim samningi var gerð krafa um viðhald á flugskýlinu að því leiti að IAA gæti haldið starfsemi gangandi. Eftir að skýlinu var skilað í byrjun árs 2024 hefur Utanríkisráðuneytið sem er eigandi af skýlinu leitast eftir því að Keilir viðurkenni viðbótargreiðslu vegna viðhalds á skýlinu. Samkvæmt áliti lögfræðinga er sú krafa ekki réttmætt og samskipti við ráðuneytið vegna þessa eiga sér nú stað. Ekkert hefur verið fært í ársreikning 2023 vegna þessa.

Keilir mun freista þess á næstu mánuðum að leysa út og greiða að nafnvirði þær nemendaskuldbindingar Iceland Aviation Academy ehf. sem eru ógreiddar, samtals að fjárhæð 54,6 millj. kr., þrátt fyrir að Keilir beri ekki ábyrgð á skuldbindingum við nemendur Iceland Aviation Academy ehf. eða gagnvart þrotabúi hins síðarnefnda. Fyrirhuguð greiðsla Keilis á nemendaskuldbindingum Iceland Aviation Academy ehf. er því háð því að endurskipulagning á fjárhagi Keilis tryggi fjármögnunina, m.a. með sölu á húsnæði félagsins.

Hluthafar í árslok voru sex líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2023 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

| | Eignarhluti |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 51,28% |
| Reykjanesbær | 33,93% |
| Suðurnesjabær | 6,23% |
| Grindavíkurbær | 6,16% |
| Sveitarfélagið Vogar | 2,27% |
| Keilir - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs | 0,13% |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Samkvæmt samþykktum félagsins skal hagnaði félagsins varið til reksturs og innri vaxtar er arðgreiðsla því ekki heimil.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 28 maí 2024.

Stjórn:

*Birgitta H. Ramsey Káradóttir*
*Jón Björgvin Stefánsson*
*Margrét Ólöf A Sanders*
*Sæunn Stefánsdóttir*
*Íris Huld Christersdóttir*

Framkvæmdastjóri:

*Nanna Kristjana Traustadóttir*

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 27. maí 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („félagið") fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Veruleg óvissa tengd rekstrarhæfi

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar gera áætlanir stjórnenda félagsins ráð fyrir að félagið sé rekstrarhæft. Gangi áætlanir stjórnenda varðandi sölu á fasteign þess, sem greint er frá í skýrslu stjórnar, ekki eftir er veruleg óvissa sem getur haft í för með sér verulegan vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær, 28. maí 2024

***KPMG ehf.***

*Lilja Dögg Karlsdóttir*

# Rekstrarreikningur árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur af kennslu og rannsóknum | | 616.791 | 577.649 |
| Þjónustutekjur húsnæðis | | 34.021 | 0 |
| Styrkir og aðrar tekjur | 11 | 116.504 | 139.460 |
| | | 767.315 | 717.109 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla | 12 | 483.934 | 534.865 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 177.583 | 166.329 |
| Afskriftir | 13 | 49.984 | 19.410 |
| | | 711.502 | 720.604 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 55.814 | ( 3.495) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 914 | 1.859 |
| Vaxtagjöld | | ( 54.138) | ( 673) |
| Gengismunur | | ( 10) | 171 |
| | | ( 53.234) | 1.357 |
| Áhrif dótturfélaga | 17 | ( 284.111) | ( 412.742) |
| | | ( 284.111) | ( 412.742) |
| **Tap ársins** | 21 | ( 281.531) | ( 414.880) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 14 | 4.568 | 53.562 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 15 | 992.390 | 29.897 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 17 | 0 | 507.480 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 19 | 2.000 | 2.000 |
| Fastafjármunir | | 998.958 | 592.939 |
| Viðskiptakröfur | | 1.148 | 3.361 |
| Kröfur á tengda aðila | | 0 | 65.377 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 5.102 | 3.713 |
| Handbært fé | | 498 | 4.698 |
| Veltufjármunir | | 6.748 | 77.149 |
| **Eignir samtals** | | 1.005.705 | 670.088 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 20 | 370.500 | 370.500 |
| Lögbundinn varasjóður | | 13.333 | 13.333 |
| Endurmatsreikningur | | 403.965 | 511.545 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 468.581) | ( 342.729) |
| Eigið fé | 21 | 319.218 | 552.650 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 22 | 511.339 | 0 |
| Langtímaskuldir | | 511.339 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 34.885 | 15.118 |
| Viðskiptaskuldir | | 13.093 | 11.711 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 22 | 34.684 | 0 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 13.793 | 15.811 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 78.693 | 74.798 |
| Skammtímaskuldir | | 175.149 | 117.438 |
| Skuldir samtals | | 686.487 | 117.438 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.005.705 | 670.088 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | 21 | ( 281.531) | ( 414.880) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna | | 26.233 | 0 |
| Afskriftir | 13 | 49.984 | 20.935 |
| Áfallnar verðbætur langtímalána | | 31.177 | 0 |
| Áhrif dótturfélaga | 17 | 284.111 | 412.742 |
| Veltufé frá rekstri | | 109.974 | 18.797 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun | | 824 | 2.563 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 5.278 | ( 41.664) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, lækkun | | ( 2.018) | ( 16.006) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 4.084 | ( 55.108) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 114.058 | ( 36.311) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Söluverð óefnislegra eigna | | 3.000 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 15 | ( 11.810) | ( 2.659) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 2.030 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | 0 | ( 2.000) |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | ( 306.625) | ( 126.199) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 313.406) | ( 130.858) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 176.155 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 4.610) | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 19.767 | ( 28.348) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 191.312 | ( 28.348) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 8.036) | ( 195.518) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.698 | 200.216 |
| **Handbært fé yfirtekið við samruna** | | 3.836 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 498 | 4.698 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Innheimt frá viðskiptamönnum | | 766.122 | 703.666 |
| Greiðslur til birgja og viðskiptavina | | ( 630.017) | ( 741.162) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar fyrir vexti | | 136.105 | ( 37.496) |
| | | | |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 914 | 1.859 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 54.138) | ( 673) |
| Greiddar verðbætur | | 31.177 | 0 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 114.058 | ( 36.310) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Söluverð óefnislegra eigna | | 3.000 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 15 | ( 11.810) | ( 2.659) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 2.030 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlut í dótturfélagi | | 0 | ( 2.000) |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | ( 306.625) | ( 126.199) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 313.406) | ( 130.858) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 176.155 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 4.610) | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 19.767 | ( 28.348) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 191.312 | ( 28.348) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 8.036) | ( 195.516) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.698 | 200.216 |
| **Handbært fé yfirtekið við samruna** | | 3.836 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 498 | 4.699 |

# Skýringar

**1. Félagið**
Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Grænásbraut 910 í Reykjanesbæ. Starfsemi félagsins felst í rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar. Félagið ber takmarkaða skattskyldu.

**Reikningsskilaaðferðir**
**2. Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**3. Erlendir gjaldmiðlar**
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

**4. Innlausn tekna**
Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

**5. Óefnislegar eignir**
Þróun námsframboðs félagsins er færð til eignar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Afskriftir þróunarkostnaðar hefjast þegar eignin er tilbúin til notkunar.

| | |
|---|---|
| Þróunarkostnaður ........................................................................ | 1 - 10 ár |

**6. Varanlegir rekstrarfjármunir**
Fasteign félagsins er færð til eignar á markaðsvirði í árslok. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir að eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................................................ | 50 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................................................ | 3 - 10 ár |

**7. Eignarhlutir í dótturfélögum**
Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið getur, beint eða óbeint, stjórnað fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í hagnaði eða tapi dótturfélaga frá upphafi yfirráða til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð dótturfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður af rekstri dótturfélags á síðari tímabilum, er ekki færð hlutdeild í þeim hagnaði fyrr en hlutdeild í tapi þess sem ekki var færð, hefur verið jöfnuð.

**8. Eignarhlutir í öðrum félögum**
Eignarhlutir í öðrum félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, eru færðir til eignar á gangverði, þ.e. síðasta viðskiptaverði ársins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár. Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

## 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 284,1 millj. kr (2022: 391,4 millj. kr.) til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 11. Aðrar tekjur

| Aðrar tekjur greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Söluhagnaður fastafjármuna | 167 | 0 |
| Styrkir | 9.147 | 5.565 |
| Matarsala og önnur sala | 2.109 | 4.254 |
| Húsaleiga og stoðþjónusta | 101.629 | 102.000 |
| Aðrar tekjur | 3.452 | 27.641 |
| Aðrar tekjur samtals | 116.504 | 139.460 |

## 12. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla

| Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Laun | 361.964 | 393.519 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 45.600 | 49.484 |
| Önnur launatengd gjöld | 32.785 | 35.259 |
| Aðkeypt kennsla | 43.585 | 56.603 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 483.934 | 534.865 |
| | | |
| Ársverk | 35 | 39 |

## 13. Afskriftir

| Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýr 14 | 19.594 | 13.222 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. skýr 15 | 30.390 | 7.712 |
| Afskrift af innri söluhagnaði | 0 | ( 1.525) |
| | 49.984 | 19.410 |

## 14. Óefnislegar eignir

| Óefnislegar eignir greinast þannig: | **Þróunar-kostnaður** |
|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2022 | 66.784 |
| Afskriftir ársins | ( 13.222) |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 53.562 |
| Selt á árinu | ( 29.399) |
| Afskriftir ársins | ( 19.594) |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 4.568 |
| | |
| Afskriftahlutföll | 10% - 100% |

## 15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2022 | 3.383 | 104.204 | 107.588 |
| Viðbót á árinu | 0 | 2.659 | 2.659 |
| Heildarverð 31.12.2022 | 3.383 | 106.864 | 110.247 |
| Yfirtekið við samruna, sjá nánar í skýringu 18 | 1.067.455 | 5.850 | 1.073.305 |
| Viðbót á árinu | 9.525 | 2.285 | 11.810 |
| Sérstakt endurmat | 0 | 0 | 0 |
| Selt á árinu | ( 86.796) | ( 4.300) | ( 91.096) |
| Heildarverð 31.12.2023 | 993.567 | 110.699 | 1.104.266 |
| | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2022 | 338 | 72.299 | 72.638 |
| Afskriftir ársins | 68 | 7.645 | 7.712 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 406 | 79.944 | 80.350 |
| Yfirtekið við samruna, sjá nánar í skýringu 18 | 0 | 3.573 | 3.573 |
| Afskriftir færðar út við sölu | 0 | ( 2.437) | ( 2.437) |
| Afskriftir ársins | 20.852 | 9.538 | 30.390 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | 21.258 | 87.046 | 111.876 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 2.977 | 26.919 | 29.897 |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 972.310 | 20.080 | 992.390 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 0%-8% | 0%-100% | |

### Veðsetningar

Fasteignir félagsins með bókfært verð 1 millj. kr. eru veðsettar fyrir skuldum félagsins að eftirstöðvum 546 millj. kr. í árslok.

## 16. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.: Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

| | Fasteignamat | Brunabótamat | Vátryggingarverðmæti |
|---|---|---|---|
| Fasteignir | 732.350 | 2.358.250 | 0 |
| Áhöld, búnaður og innanstokksmunir | | | 118.070 |
| Samtals | 732.350 | 2.358.250 | 118.070 |

## 17. Eignarhlutir í dótturfélögum

Bókfært verð dótturfélaga og áhrif þeirra á rekstur félagsins greinist þannig í árslok:

| 2023: | Eignarhlutur | Áhrif á rekstrarreikning | Fært á eigið fé | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Iceland Aviation Academy ehf. | 83,0% | 0 | 0 | 0 |
| Inntökupróf ehf. | 100,0% | 0 | 0 | 0 |
| | | 0 | 0 | 0 |

## 17. Eignarhlutir í dótturfélögum, frh.:

**2022:**

| | Eignarhlutur | Áhrif á rekstrar-reikning | Fært á eigið fé | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Iceland Aviation Academy ehf. | 83,0% | ( 391.441) | 0 | 0 |
| Fasteignafélagið Keilir ehf. | 100,0% | ( 21.301) | 0 | 507.480 |
| Orkurannsóknir ehf. | 100,0% | 0 | 0 | 0 |
| Inntökupróf ehf. | 100,0% | 0 | 0 | 0 |
| | | ( 412.742) | 0 | 507.480 |

## 18. Áhrif samruna

Um síðustu áramót sameinuðust Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („Keilir ehf."), Fasteignafélagið Keilir ehf., Orkurannsóknir ehf., F.L.Y. ehf. og Flugklúbbur HJ ehf. undir nafni Keilis ehf. Uppgjörsdagur samrunans

Áhrif samrunans á efnahagsreiknign félagsins greinist þannig í þús. kr.:

| | Keilir | Samrunafélög | Samrunafærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 53.562 | 0 | 0 | 53.562 |
| Rekstrarfjármunir | 29.897 | 1.069.732 | 0 | 1.099.629 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 507.480 | 0 | ( 507.480) | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 2.000 | 0 | 0 | 2.000 |
| Fastafjármunir | 592.939 | 1.069.732 | ( 507.480) | 1.155.191 |
| | | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7.074 | 5.248 | ( 1.920) | 10.402 |
| Kröfur á tengda aðila | 65.377 | 179 | ( 65.556) | 0 |
| Handbært fé | 4.698 | 4.291 | 0 | 8.989 |
| Veltufjármunir | 77.149 | 9.718 | ( 67.476) | 19.391 |
| | | | | |
| **Eignir samtals** | 670.088 | 1.079.450 | ( 574.957) | 1.174.582 |
| | | | | |
| Hlutafé | 370.500 | 2.000 | ( 2.000) | 370.500 |
| Lögbundinn varasjóður | 13.333 | 125 | ( 125) | 13.333 |
| Endurmatsreikningur | 511.545 | 511.545 | ( 511.545) | 511.545 |
| Óráðstafað eigið fé | ( 342.729) | ( 10.409) | 15.338 | ( 337.800) |
| Eigið fé samtals | 552.650 | 503.261 | ( 498.332) | 557.579 |
| | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 0 | 126.123 | 0 | 126.123 |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 336.640 | 0 | 336.640 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 0 | 462.763 | 0 | 462.763 |
| | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15.118 | 0 | 0 | 15.118 |
| Viðskiptaskuldir | 11.711 | 28.595 | 0 | 40.306 |
| Skuldir tengda aðila | 0 | 76.980 | ( 76.624) | 355 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 0 | 6.661 | 0 | 6.661 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 74.798 | 1.190 | 0 | 75.988 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 15.811 | 0 | 0 | 15.811 |
| Skammtímaskuldir samtals | 117.438 | 113.426 | ( 76.624) | 154.240 |
| | | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 670.088 | 1.079.450 | ( 574.957) | 1.174.582 |

## 19. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | 2023 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Bókfært verð | Eignarhlutur | Bókfært verð |
| Eignarhlutir færðir á kostnaðarverði ................ | 7% | 2.000 | 7% | 2.000 |
| | | 2.000 | | 2.000 |

## 20. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 371 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Í árslok átti félagið eigin bréf að nafnvirði 0 millj. kr. líkt og í upphafi árs. Við kaup á eigin hlutabréfum er kaupverðið, að meðtöldum kostnaði sem tengist kaupunum, fært til lækkunar á eigin fé. Ef eigin bréf eru seld færist salan til hækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap í rekstrarreikning við sölu eigin bréfa.

## 21. Yfirlit eiginfjárreikninga

| | Hlutafé | Endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022........................ | 370.500 | 439.002 | 13.333 | 39.845 | 862.681 |
| Áhrif endurmats fasteignar ........ | | 72.543 | | 32.306 | 104.849 |
| Tap ársins ................................ | | | | ( 414.880) | ( 414.880) |
| Eigið fé 31.12.2022.................... | 370.500 | 511.545 | 13.333 | ( 342.729) | 552.650 |
| Áhrif samruna ........................... | | | | 134.895 | 134.895 |
| Áhrif endurmats fasteignar ........ | | ( 107.580) | | 20.784 | ( 86.796) |
| Tap ársins ................................ | | | | ( 281.531) | ( 281.531) |
| Eigið fé 31.12.2023.................... | 370.500 | 403.965 | 13.333 | ( 468.581) | 319.218 |

## 22. Skuldir við lánastofnanir

| Skuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 2023 |
|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK ........................................ | 546.023 |
| Næsta árs afborganir langtímalána ........................................ | ( 34.684) |
| Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi ........................................ | 511.339 |

Skuldir félagsins við lánastofnanir eru  tryggðar með veði í fasteign félagsins.

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Afborganir árið 2024 ........................................ | 34.684 |
| Afborganir árið 2025 ........................................ | 9.696 |
| Afborganir árið 2026 ........................................ | 10.076 |
| Afborganir árið 2027 ........................................ | 10.471 |
| Afborganir árið 2028 ........................................ | 10.881 |
| Síðar ........................................ | 470.213 |
| Afborganir langtímalána samtals ........................................ | 546.023 |

## 23. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af kennslu sem innheimtar hafa verið og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 24. Önnur mál

Keilir var með leigusamning vegna flugskýlis á Keflavíkurflugvelli sem félagið gerði fyrir hönd IAA en í þeim samningi var gerð krafa um viðhald á flugskýlinu að því leiti að IAA gæti haldið starfsemi gangandi. Eftir að skýlinu var skilað í byrjun árs 2024 hefur Utanríkisráðuneytið sem er eigandi af skýlinu leitast eftir því að Keilir viðurkenni viðbótargreiðslu vegna viðhalds á skýlinu. Samkvæmt áliti lögfræðinga er sú krafa ekki réttmætt og samskipti við ráðuneytið vegna þessa eiga sér nú stað. Ekkert hefur verið fært í ársreikning 2023 vegna þessa.

Keilir mun freista þess á næstu mánuðum að leysa út og greiða að nafnvirði þær nemendaskuldbindingar Iceland Aviation Academy ehf. sem eru ógreiddar, samtals að fjárhæð 54,6 millj. kr., þrátt fyrir að Keilir beri ekki ábyrgð á skuldbindingum við nemendur Iceland Aviation Academy ehf. eða gagnvart þrotabúi hins síðarnefnda. Fyrirhuguð greiðsla Keilis á nemendaskuldbindingum Iceland Aviation Academy ehf. er því háð því að endurskipulagning á fjárhagi Keilis tryggi fjármögnunina, m.a. með sölu á húsnæði félagsins.

# Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 361.964 | 393.519 |
| Lífeyrissjóður | 45.600 | 49.484 |
| Sjóðagjöld | 7.124 | 7.147 |
| Tryggingagjald | 25.661 | 28.112 |
| Verktakar - stundakennarar | 43.585 | 56.603 |
| | 483.934 | 534.865 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 4.075 | 0 |
| Viðhald og rekstur | 8.573 | 26 |
| Annar rekstrarkostnaður fasteignar | 27.233 | 0 |
| Húsaleiga | 32.872 | 79.494 |
| Hreinlætisvörur og ræsting | 779 | 35 |
| Sími og burðargjöld | 5.069 | 4.166 |
| Ritföng og prentun | 430 | 810 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 12.523 | 18.034 |
| Bókhald og reikningsskil | 9.462 | 8.749 |
| Ferðakostnaður | 533 | 821 |
| Annar kostnaður við námsbrautir | 32.433 | 12.729 |
| Annar starfsmannakostnaður | 7.402 | 9.126 |
| Auglýsingar | 8.444 | 5.938 |
| Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður | 5.034 | 4.173 |
| Rekstur tölvukerfis | 14.556 | 17.091 |
| Rekstur bifreiða | 902 | 1.885 |
| Styrkir og gjafir | 534 | 813 |
| Banka- og innheimtukostnaður | 440 | 587 |
| Tapaðar og niðurfærðar kröfur | 3.488 | 0 |
| Annar kostnaður | 2.801 | 1.851 |
| | 177.583 | 166.329 |